

Mat á leikskólanum  
Lækjaborg í Reykjavík


2001  
Anna Elísa Hreiðarsdóttir  
Stella Sverrisdóttir

## Efnisyfirlit

Teikning af Lækjaborg .....	2
Mat á leikskólanum Lækjaborg í Reykjavík .....	3
Frankvæmd .....	3
1. Aðstaða í leikskólanum, húsnæði, útileiksvæði, leikföng, starfsfólk .....	4
1.1 Húsnæði og starfsmannaaðstaða .....	4
1.2 Útileiksvæði .....	4
1.3 Efniviður .....	4
1.4 Öryggismál .....	5
2. Stjórnun skólans, rekstur hans og sérstaða .....	5
2.1 Leikskólar Reykjavíkur .....	5
2.2 Stjórnun skólans .....	5
2.3 Sérstaða skólans .....	5
3. Starfsfólk .....	5
4. Börnin í skólanum .....	6
5. Námsþættir í skólastarfinu, innihald þeirra og vægi .....	7
5.1 Skólanámsskrá .....	7
5.2 Um aldursskiptingu á deildum: .....	7
5.3 Dagskipulagið: .....	7
5.4 Tekið á móti börnunum: .....	8
5.5 Morgunverður/nónhressing: .....	8
5.6 Frjáls leikur/flæði: .....	8
5.7 Samverustundir/veðurfræðingur: .....	8
5.8 Hópastarf: .....	9
5.9 Útivera: .....	9
5.10 Söngstund: .....	9
5.11 Hádegisverður: .....	9
5.12 Hvíld: .....	10
6. Aðalnámskrá í innra starfi skólans .....	10
6.1 Markmið leikskólans .....	10
6.2 Hreyfing .....	10
6.3 Málrækt .....	10
6.4 Myndsköpun .....	11
6.5 Tónlist .....	11
6.6 Náttúra og umhverfi .....	11
6.7 Menning og samfélag .....	11
7. Samskipti innan skólans, samstarf og starfsandi .....	11
7.1 Starfsmannahandbók .....	11
8. Samskipti og samstarf við umhverfi skólans, þar með tali foreldra .....	12
8.1 Samskipti við umhverfi skólans .....	12
8.2 Samskipti við foreldra .....	12
9. Viðhorf foreldra til skólastarfsins .....	12
10. Umbótastarf/þróunarverkefni – framtíðarsýn .....	13
Samantekt .....	13
Húsnæði og lóð .....	13
Öryggismál .....	13
Efniviður og húsbúnaður .....	13
Stjórnun og starfsfólk/samskipti barna og fullorðinna .....	14
Námsþættir í skólastarfi/Aðalnámskrá .....	14
Samstarf við umhverfi skólans og foreldra .....	14
Framtíðarsýn .....	14
Fylgiskjöl .....	

## Teikning af Lækjaborg

1. Inngangur
2. Salerni
3. Leikrými
4. Fataklefi
5. Salur
6. Listaskáli
7. Skrifstofa leikskólastjóra
8. Undirbúningur/Bókasafn
9. Kaffistofa
10. Eldhús
11. Matarbúr
12. Ræsting
13. Þvottahús



## Mat á leikskólanum Lækjaborg í Reykjavík

Í lögum um starfsemi leikskóla 225/1995 gr. 26 segir: *Ár hvert skal af hálfu menntamálaráðuneytisins fara fram mat á að a.m.k. einum leikskóla.*

Í Aðalnámskrá leikskóla 1999 er kafli um ytra mat. Þar segir að því sé ætlað að tryggja að starfssemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla. Matsaðilar eða matshópur skila niðurstöðum í skýrslu þar sem lýst er séreinkennum skólans, styrk hans og veikleika og leggja skal fram tillögur og ábendingar um breytingar. Niðurstöður úr mati ættu að leiða til aukinnar þekkingar og þróunar á leikskólastarfi. (Aðalnámskrá leikskóla 1999:42). Af þessu má draga þá ályktun að raunhæft og lýsandi mat geti orðið viðkomandi leikskóla að miklu gagni.

Í nóvember 2000 fól Menntamálaráðuneytið Önnu Elísu Hreiðarsdóttur og Stellu Sverrisdóttur að gera úttekt á leikskólanum Lækjaborg í Reykjavík. Fyrirliggjandi viðmiðanir frá Menntamálaráðuneytinu við úttektina voru eftirfarandi og voru látnar ráða kaflaskiptum í skýrslunni:

1. **Aðstaða í leikskólanum, húsnæði, útileiksvæði, leikföng, starfsfólk**
2. **Stjórnun skólans, rekstur hans og sérstaða**
3. **Starfsfólk**
4. **Börn in í skólanum**
5. **Námsþættir í skólastarfinu, innihald þeirra og vægi**
6. **Uppeldisáætlun/aðalnámskrá í innra starfi skólans**
7. **Samskipti innan skólans, samstarf og starfsandi**
8. **Samskipti og samstarf við umhverfi skólans, þ.m.t. foreldra**
9. **Viðhorf foreldra til skólastarfsins**
10. **Umbótastarf/þróunarverkefni - framtíðarsýn**

### Framkvæmd

Í desember 2000 var haft samband við leikskólastjóra Lækjaborgar og kallað eftir gögnum síðustu ára um stefnumótun skólans og innra skipulag. Þar á meðal skólanámskrá, markmiðssetningar og innra mat, vinnuáætlanir, vinnuleiðbeiningar, fundargerðir, fréttabréf og ársskýrslur, handbækur og upplýsingar um foreldrasamstarf. Að höfðu samráði við leikskólastjóra var ákveðið að sækja skólann heim 8.-10. janúar 2001. Matsaðilar sendu framkvæmdaáætlun til skólans ásamt kynningarbréfi til foreldra, starfsmanna og barna. (Sjá fylgiskjal.)

Dvalið var í leikskólanum í þrjá daga og leitast við að finna staðblæ skólans og meta samskiptin innan hans. Þá voru lagðar kannanir fyrir foreldra, (sjá fylgiskjal) tekin viðtöl við skólastjórnendur (sjá fylgiskjal) og börn auk þess sem fylgst var með starfinu frá morgni til kvölds. Setinn var einn starfsmannafundur og þar voru lagðir spurningalistar fyrir starfsmenn, (sjá fylgiskjal) og framtíðarsýn þeirra varðandi leikskólann könnuð. Kannaðar voru áherslur og forystuhlutverk skólastjórnenda varðandi umbótastarf, þróunarverkefni og framtíðarsýn auk þess sem leitast var eftir að kynnast stjórnun leikskólans, rekstri hans og sérstöðu. Aflað var upplýsinga um samskipti og samstarf við umhverfi skólans og foreldrasamstarf. Önnur samskipti og gagnaöflun fór fram í gegnum net eða síma.

Í febrúar 2001 fengu skólastjórnendur Lækjaborgar skýrsluna til athugunar og umsagnar.

## **1. Aðstaða í leikskólanum, húsnæði, útileiksvæði, leikföng, starfsfólk**

### **1.1 Húsnæði og starfsmannaaðstaða**

Lækjaborg er þriggja deilda leikskóli í Laugardalnum og stendur við Leirulæk. Leikskólinn er vel staðsettur í rólegu og skjólsælu hverfi. Umferðarhávaði er lítill en mikill gróður og opin svæði eru í nágrenninu. Í leikskólanum er yngri barna-, mið-, og elstubarnadeild, þar sem 1-2 árgangar nema saman. Vistunartími barna er 4 til 9 klukkustundir á dag.

Lækjaborg hóf starfssemi sína 4. júlí 1972 og var byggt við skólann árið 1989, salur, listaskáli eldhús og starfsmannaaðstaða. Árið 1996-7 voru gerðar nokkrar breytingar á húsnæðinu þegar eldhúsið var fært og þremur árum síðar var útbúið þvottahús og húsið allt málað að innan.

Grunnteikning af leikskólanum (bls.1) sýnir vel lögun hans og herbergjaskipan. Hver deild hefur sína heimastofu og yngsta deildin hvíldarherbergi að auki. Salur og listaskáli er samnýttur af öllum deildum og gengið er af miðdeild skólans inn á elstu deildina, eða gegnum salinn. Fataherbergi eru notuð sem leikrými og herbergi milli eldri deilda samnýtt. Vinnufriður á yngstu deild er góður en truflanir verða gjarnan á sameiginlegum svæðum vegna gegnumgangs.

Hönnun hússins er að mörgu leyti óhentug. Skrifstofa leikskólastjóra er góð en aðgengi erfitt og hefði þurft að hugsa það betur við hönnun viðbyggingarinnar. Hitamunur er áberandi milli viðbyggingar og eldri hluta hússins og salur er kaldur. Þar eru burðarsúlur sem spilla nýtingunni á rýminu. Engin geymsla er í húsinu og þó undirbúningsherbergi starfsmanna sé rúmgott ber nýting þess nokkurn keim af geymsluleysinu. Þurrkaðstaða er ekki nógu góð á tveim deildum en þurrkskápur er á þeirri þriðju. Fataherbergi á miðdeild er frekar lítið.

Eldhús er stórt og vel búið tækjum en þar í gegn er töluverður umgangur. Kaffistofa starfsmanna er lítil en notaleg, þar vantaði innstungu og reyndar víðar í húsinu. Fatageymsla starfsmanna er á gangi á milli deilda og þar er þröngt að klæða sig og erfitt að ganga um. Læstir skápar fyrir starfsmenn eru á kaffistofu en enginn aðgangur er að sturtu.

Starfsmenn voru frekar ánægðir með húsnæðið og nýttu það mjög vel.

### **1.2 Útileiksvæði**

Útileiksvæði liggur vel við sól og er í góðu skjóli. Það er frekar lítið og gras af skornum skammti. Auð grasi gróin lóð er við hliðina á og hún er nýtt til leikja. Leiktæki eru í góðu ásigkomulagi en rólur mættu vera fleiri. Lóðin er frekar blaut, enda stendur leikskólinn í mýrlendi. Stór hluti lóðarinnar er malbikaður og gróður er lítill.

### **1.3 Efniviður**

Efniviður leikskólans er fullnægjandi að því fráskildu að börnin hafa ekki aðgang að tölvum. Allir starfsmenn sögðust ánægðir eða frekar ánægðir með búnað skólans. Á stefnuskrá skólans er að vinna með opið leikefni eins og kubba af ýmsum gerðum og það er gert. Leikefni til hlutverkaleikja er í glærum kössum og aðgengilegt fyrir börnin eins og annar efniviður. Bóka og hljóðfæraeign er fullnægjandi og leikfímivagn er talsvert notaður.

Húsgögn eru bæði í stærð barna og fullorðinna og þá notaðir háir stólar með stillanlegum skemli. Öllu er vel við haldið og umgengni starfsmanna og barna um skólann er góð.

#### **1.4 Öryggismál.**

Engin eldvarnaráætlun er til í skólanum en brunavarnir voru yfirfarnar síðast á starfsmannafundi í september árið 2000. Þegar húsnæðið var skoðað var aðgengi að brunaútgangi í listaskála ekki nægilega gott enda erfitt við að eiga vegna óheppilegrar staðsetningar, innst í þröngu horni. Neyðarlýsing er ekki á leikskólanum.

Í jarðskjálftunum sumarið 2000 seig húsið, það er byggt á mýri og undirstaðan líklega misgóð. Húsnæðið var allt yfirfarið eftir skjálftann, hillur festar og þungum hlutum sem gætu fallið niður fundin betri staðsetning. Nákvæm áætlun um viðbrögð við jarðskjálfta er til á öllum deildum skólans og góðar leiðbeiningar um viðbrögð við slysum.

### **2. Stjórnun skólans, rekstur hans og sérstaða.**

#### **2.1 Leikskólar Reykjavíkur**

Leikskólinn er rekinn af Reykjavíkurborg. Innritun fer fram hjá Leikskólum Reykjavíkur sem býður einnig góða stoðþjónustu sem veitir ráðgjöf og fræðslu. Almenn ánægja er á leikskólanum með þjónustuna, og hún virðist alhliða og aðgengileg. Aðspurðir sögðu stjórnendur þjónustuna hafa aukist á síðustu árum og sjálfsforræði skólanna aukist. Fjárhagsstaða skólans hefur verið góð og er það þakkað góðum rekstri bæði rekstraraðila og skólastjórna.

#### **2.2 Stjórnun skólans**

Í ársáætlunum skólans og skýrslum frá skipulagsdögum kemur glöggt fram að þar hefur faglegri áætlanagerð og innra mati verið sinnt vel síðustu árin.

Starfsmannaviðtöl hafa fallið niður á síðasta ári vegna fæðingarorlofs leikskólastjóra. Stjórnun skólans einkennist af samvinnu allra starfsmanna faglærðra sem ófaglærðra.

Skólastjórafundir eru ekki með fasta tíma en deildarstjóra- og deildafundir eru á hálfsmánaðarfresti. Starfsmannafundir eru oftast 9 á ári. Tímasetning þeirra er skipulögð í samráði við starfsmenn, og leikskólastjóri ákveður fundarefni og auglýsir það. Fagfundir eru eftir þörfum. Dagbókarfundir eru á morgnanna þar sem starfsmaður af hverri deild ásamt ráðskonu hittir leikskólastjórann til að fara yfir mannhald og miðla upplýsingum. Við lestur fundargerða kom í ljós að fundir eru skilvirkir og málum vísað réttar boðleiðir.

#### **2.3 Sérstaða skólans**

Sérstaða Lækjaborgar er nokkur að mati starfsmanna og byggist á mikilvægi frjálsa leiksins í starfinu, góðu skipulagi og fjölda nýbúabarna ásamt fjölbreytilegum möguleikum umhverfi skólans og góðum starfsanda.

Skólinn á sér fastar hefðir hvað varðar afmælishald barnanna, kirkjuferðir og foreldrakaffi á aðventu, ásamt jólaballi og leiksýningu í boði foreldrafélagsins, þorablót, öskudagsball, og formlega útskrift elstu barna að vori. Einnig er haldin vorhátíð eða opið hús og farið með börnin í ferðalag út fyrir borgarmörkin í sumarbyrjun.

### **3. Starfsfólk**

Miklar mannabreytingar hafa verið á Lækjaborg síðustu árin. Af fjórtán starfsmönnum hafa níu minna en átján mánaða starfsaldur á leikskólanum. Þó er áberandi hvað vel er mannað af heilsdagsfólki. Stöðugildi eru 10 á deildum, leikskólastjóri er í 100% stöðu og matráður einnig. Þrír leikskólakennarar eru í 100%

stöðu og einn í 90% stöðu á deildum. Á Lækjaborg er aðstoðarleikskólastjóri ekki deildarstjóri og er almenn ánægja í skólanum með það fyrirkomulag.

Þegar leikskólinn var heimsóttur í ársbyrjun var óráðið í eina stöðu og einn leiðbeinandi var nýbyrjaður. Starfandi leiðbeinendur hafa allir einhverja framhaldsskólamenntun og þrír hafa lokið stúdentsprófi. Rúmlega tvö stöðugildi bætast svo við vegna afleysinga og aðstoðar í eldhúsi og umsjón þvottahúss. Sérkennsla er engin sem stendur. Tveir leikskólakennarar eru í leyfi, báðir hafa starfað á Lækjaborg frá júní 1998. Á leikskólanum starfa nú tveir karlmenn.

#### 4. Börnin í skólanum

Í leikskólanum eru 68 börn og kynjahlutfall nokkuð jafnt. Á Dvergasteini eru 22 rými, á Álfalundi eru 20 og 18 á Huldulandi. Vistunartímar barnanna eru frá 4 klst. upp í 9 klst. Flest börnin eru í 8 eða 9 klst. vistun og lítil eftirspurn er eftir seinnipartsvistun.

Skráning var gerð á leik barnanna og þar kom glögglega fram að börnin vinna einbeitt að verkefnum sínum og virðast í góðu jafnvægi. Okunnugur gat blandað sér í leikinn án þess að börnin létu það trufla sig, reyndar virtust bæði börn og foreldrar reikna með að matsmenn væru nýjrir starfsmenn og tóku þeim sem slíkum.

Viðtöl voru tekin við börn af mið- og elstu deild og aðspurð um hvað væri skemmtilegast í leikskólanum svöruðu mörg barnanna að það væri skemmtilegast að leika sér. Fæst tiltóku ákveðin viðfangsefni og enginn nefndi neitt sem var leiðinlegt. Fjórar reglur eru í gildi fyrir börn og starfsmenn:

Gula reglan - Við förum vel með alla hluti.

Rauða reglan - Við erum góð hvert við annað.

Græna reglan – Við göngum inni en hlaupum úti.

Bláa reglan - Við hlustum þegar aðrir tala.

Þessar reglur tóku gildi haustið 1999 og vinna var lögð í að hafa þær jákvæðar. Markmiðið var að banna ekki, heldur vísa veginn að æskilegri hegðun. Reglurnar voru kynntar fyrir börnunum, ein regla á viku, og lögð var áhersla á að tengja þær við daglegt líf barnanna í leikskólanum. Börnin þekktu reglurnar vel og mátti heyra þau nefna þær sem rök þegar þau ræddu mál sín á milli.

Börnin þekktu dagskipulagið og gátu alltaf sagt hvað væri næst á dagskrá og þegar þau voru beðin að rekja daginn frá því þau mættu og þar til þau færu heim rak engan í vörðurnar.

Eitt af því sem skapar leikskólanum sérstöðu er að 16% barnanna eru nýbúar (ásamt 13% starfsmanna) og setur það brag á skólastarfið. Haldnar hafa verið landavíkur, þar sem ein þjóð var viðfang hvernar viku. Þá voru haldnar matarkynningar, fáni landsins kynntur og menningartengdir listviðburðir settu svip sinn á starfið. Barnavísan um meistara Jakob var sungin á viðkomandi tungumáli og ferðabæklingar skoðaðir. Leikskólastjórnendur telja að landavíkurskiptun hafi haft margþættan tilgang, og ekki þann sístan að efla tengslin við foreldra tvítyngdu barnanna. Nýbúamiðstöð býður upp á tülkaþjónustu sem er óspart nýtt í foreldraviðtölum og Leikskólar Reykjavíkur hafa gefið út kynningarbæklinga á ýmsum tungumálum.

## 5. Námsþættir í skólastarfinu, innihald þeirra og vægi

### 5.1 Skólanámsskrá

Skólanámsskrá Lækjaborgar er í smíðum og mikið komið á blað. Um hana segir leikskólastjóri:

*„í námskránni hefur verið unnið á skipulagsdegi á grasrótahátt, allir saman með flettistöflu. Mikið var unnið í fyrravetur en svo fór hún aðeins í bið. Í sumar og haust voru rosalegar mannabreytingar og leikskólastjóri að koma úr tveggja ára leyfi. Aðstoðarleikskólastjóri hefur unnið mikið í þessu líka. Grunnur er því til, en þetta er ekki inn í hjörtum þeirra sem nú eru í starfi. Þetta þarf að búa í hjarta hvers manns ef það á að gagnast. Eini fagfundur þessa starfsárs fór í kennimennina, hverjum fylgjum við, hvar getum við samsamað okkur.“*

*„Gagnkvæm virðing í öllum samskiptum er höfð að leiðarljósi. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.“* (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 1999-2000:1)

Ekki varð annað séð en að vel gengi að vinna að þessu markmiði og kom það fram í flestum þeim samskiptum sem sjá mátti í leikskólanum.

### 5.2 Um aldursskiptingu á deildum:

Haustið 1999 var börnunum skipt eftir aldri á deildir leikskólans, einn til tveir árgangar saman, en áður höfðu þrjú árgangar verið saman á hverri deild. Með þessari breytingu var stefnt að: „... þróun verður samfelldari í leik og starfi frá hinu einfalda til hins flókna“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:5). Skólinn hefur valið sér nokkrar leiðir sem samræmast þessu markmiði svo sem áherslur í hópastarfi, flæði og samverustundum þar sem veðurfræðingurinn skipar stóran sess. Þetta sást vel í verki á öllum deildum.

### 5.3 Dagskipulagið:

*„Daglegar venjur eru okkar fasti rammi og í gegnum þær vinnum við að settum markmiðum en gætum þess jafnframt að sveigjanleiki ríki.“* (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:5)

Dagskipulagið:

- 7.30 Tekið á móti börnunum.
- 8.30 Morgunverður.
  - Frjáls leikur.
  - Samverustund.
  - Útivera – Hópastarf.
- 11.45 Sameiginleg söngstund á sal.
- 12.00 Matur.
- 12.30 Hvíld.
- 13.00 Útivera/frjáls leikur /hópastarf.
  - Söngstund – Samvera.
- 14.30 Nónhressing.
  - Hópastarf/frjáls leikur.
- 17.30 Leikskólinn lokar.



Ekki verður annað séð en dagskipulag sé í samræmi við þann sveigjanleika sem leikskólinn vill ná. Stutt er á milli hádegisverðar og nónhressingar og nefndu nokkrir starfsmenn og foreldrar það sem galla.

#### **5.4 Tekið á móti börnunum:**

„Við leggjum mikla áherslu á að taka á móti börnum og foreldrum á hlyjan og notalegan hátt.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:5)

Nokkur misbrestur reyndist á því að þessu væri framfylgt í raun. Ekki var alltaf tekið á móti börnum og foreldrum í fataklefa, eldri börnin komu ein í gegnum húsið fyrsta hálf tíma dagsins og í hádegi mættu börnin án þess að sérstaklega væri tekið á móti þeim. Þegar börn fóru heim í lok dags virtist ekki vera lögð mikil áhersla á kveðjustund.

#### **5.5 Morgunverður/nónhressing:**

„Börnin skammta sér sjálf eftir getu og ganga síðan frá diskunum sínum eftir að hafa lokið við að borða.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:6)

Sumir starfsmanna gættu þess að leyfa börnunum að skammta sér sjálf en færri sinntu um að láta þau sjálf ganga frá. Rúmur tími var gefin til að matast og börnin gátu fellt morgunverðinn inn í leiktímann, tekið sér hlé til að borða en snúið svo aftur að viðfangsefnum sínum að máltíð lokinni.

#### **5.6 Frjáls leikur/flæði:**

„Á Huldulandi geta börnin valið úr tveimur til þremur viðfangsefnum sem kennarar ákveða sjálfir, á Álfalundi geta börnin valið úr 6-8 viðfangsefnum sem kennarar ákveða (börnin geta þó komið með tillögur). Á Dvergasteini velja börnin sjálf hvað er í boði á hverjum stað. Tilgangurinn með flæðinu er að börnin læri að velja sér leik eða viðfangsefni á sjálfstæðan hátt. Lög er áhersla á skapandi og sjálfsprottinn leik barnanna og að þau fái tíma og næði til að njóta sín á eigin forsendum.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:6)

Þetta leikfyrirkomulag virtist gefast vel. Börnin undu vel við það sem þau höfðu valið sér og kunnu vel á kerfið bæði á mið- og elstu deildinni. Tíminn var rúmur og leikur barnanna gat því þróast og orðið fjölbreyttur. Á yngstu deildinni var ekki byrjað að vinna með val þar sem aðlögun var nýlega lokið. Það átti að fara í gang upp úr nýárinu.

#### **5.7 Samverustundir/veðurfræðingur:**

„Hlutverk veðurfræðings er að líta út fyrir og athuga hvernig veðrið er. Hann segir börnunum hvernig veðrið er, velur myndir sem samsvara veðráttunni og hengir þær upp á þar til gert veðurdagatal. Veðurfræðingurinn klæðir teiknaða brúðu í klæðnað sem hæfir veðrinu.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:7)

Þarna sást vel markmið skólans að fara úr því einfalda til hins flókna. Veðurmyndirnar og kortin voru misjöfn eftir deildum og veðurfræðingnum lagðar misþungar skyldur á herðar.

„Í samverustund eru nöfn barnanna lesin upp, þau spurð hvaða dagur er og hvaða mánaðardagur. Að því loknu er lesin saga, spjallað og sungið. Markmiðið er að börnin læri að vera innan um önnur börn í stórum hóp. Einnig að þau njóti stundarinnar og fræðist um ýmis málefni. Málkilningur og orðaforði barnsins eykst og barnið fær tækifæri til að tjá sig og hlusta.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:7)

Á eldri deildum hafa börnin föst sæti á gólfinu í samverustundum. Áhersla er lögð á að þau sitji kyrr og trufla ekki það sem fram fer. Jákvæður agi ríkti og börnin virtu þann sem talaði hverju sinni í samræmi við bláu regluna.

### 5.8 Hópastarf:

„Á öllum deildum er hópastarf tvisvar í viku, og skipulögð hreyfistund einu sinni í viku.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:8)

Markmið með hópastarfi eru að:

- Auka sjálfstæði og áráðni barnanna í hópnum.
- Efla alhliða þroska barnanna.
- Efla tengsl barnanna og félagsþroska.
- Efla tengsl barnanna við hinn fullorðna.
- Hinn fullorðni kynnist vel öllum börnunum í sínum hóp, þekki styrkleika þeirra og veikleika og hjálpi þeim að takast á við verkefni.

Hópastarfið kom mjög vel út í sjálfsmati leikskólans á þessu skólaári, starfsmenn voru almennt ánægðir með það og tilbúnir að halda áfram á sömu braut.

### 5.9 Útivera:

„Öll börn fara í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Með útiveru stuðlum við að hollri og góðri hreyfingu, það er að börnin fái útrás, æfingu í grófhreyfingu og efla líkamlegt hreysti sitt og þol.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:9)

Börnin virtust ánægð í útiverunni og nýttu leiktækin nokkuð vel. Samskipti þeirra voru vinsamleg eins og annars staðar í leikskólastarfinu og bófaleikurinn allur í góðu. Matsaðili varð vitni að eltingaleik barnanna við karlkyns starfsmann og ein stúlkan sagði þá: „Við getum ekki náð honum því hann er maður.“

### 5.10 Söngstund:

„Söngstund örvar mál, tónnæmi og takt. Starfsmenn syngja með börnunum og hvetja þau til að syngja með. Í sameiginlegum söngstundum er stundum leikið undir á gítar og þess gætt að fjölbreytni sé í lagavali til þess að söngstundin henti öllum börnunum.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:9-10)

Sameiginlegu söngstundirnar eru haldnar í salnum dag hvern og börnin taka vel undir sönginn. Þau virðast kunna mikið af textum og njóta samverunnar í ró og friði þó hópurinn sé stór.

### 5.11 Hádegisverður:

Á hverjum degi er valin borðþjónn úr barnahópnum. Hann hjálpar til við að leggja á borð og sækja matinn. Síðan fer borðþjónn í sameiginlega söngstund og tilkynnir öllum hvað sé í matinn og býður þeim að gera svo vel. Borðþjónn þjálfast í verklagni, framsögn og framkomu. (Sbr. ársáætlun leikskólans 2000-2001:10).

Borðþjónar eru tveir, einn af elstu- og einn af miðdeild. Þeir stóðu sig vel og voru ófeimnir. Starfsmaður rifjar upp með þeim matseðilinn og börnin í salnum hlusta.

Matseðill er fjölbreyttur og matur snyrtilega fram borinn. Vegna tímaskorts flýta starfsmenn yngstu deildarinnar fyrir sér með því að setja mat á diska barnanna meðan þau eru í söngstundinni. Þau koma því að hálffullum diskunum, en geta valið um meðlætið. Þessi hálf klukkustund virðist varla vera nógu löng til að borða í rólegheitum, en börnin þurfa að vera komin í hvíld klukkan hálféitt.

### 5.12 Hvíld:

„Börnin leggjast á dýnur hlið við hlið með teppi og kodd. Þau hlusta á sígilda tónlist, sögur, leikrit eða annað. Með því að hafa ró í hvíldinni læra börnin að virða hvíldartíma hvers annars og slaka á.“ (Lækjaborg, ársáætlun leikskólans 2000-2001:10).

Hluti barnanna af elstu deild þarf að hvíla sig í salnum þar sem er minna næði. Hann liggur að fataklefa miðdeildarinnar og einu leiðinni að skrifstofu leikskólastjóra og undirbúningsherbergi starfsmanna. Foreldrar og starfsmenn eru reyndar beðnir sérstaklega að ganga hljóðlega um húsið á hvíldartímanum og hann er virtur eins og kostur er.

## 6. Aðalnámskrá í innra starfi skólans

### 6.1 Markmið leikskólans

Leikskólinn hefur sett sér markmið með starfinu í samræmi við meginmarkmið í lögum um leikskóla nr.78/1994.

Þau eru:

- Að barninu líði vel í öruggu, hlýju og hvetjandi umhverfi.
- Að ýta undir sjálfstæði barnsins.
- Að leggja rækt við siðferðisþroska barnsins með aðaláherslu á virðingu, vináttu og samkennd.
- Að efla tjáningu og sköpunarhæfni barnsins.

Starfsmenn eiga sér líka slagorð: „Við erum hér barnanna vegna, en þau ekki okkar vegna.“ Í viðtali við skólustjórnendur kom fram að... „Leikurinn er aðalsmerki leikskólans, markmiðið er að byggja upp heildstæðan einstakling og efla alla þroskaþætti í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla 1999.“

Ekki er annað að sjá en leikskólinn sé trúr markmiðum sínum og áherslan á leikinn birtist vel í starfinu. Það má líka sjá í dagskipulagi skólans að frjálsum leik er ætlaður góður tími og nauðsynlegur rammi til að hann geti þrífist vel.

Í Aðalnámskrá leikskóla 1999 eru tilgreind sex námssvið leikskóla. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Í foreldrakönnun og spurningalista til starfsmanna kom fram mat þeirra á því hvernig þessum námssviðum var sinnt.

### 6.2 Hreyfing

Þriðjungur starfsmanna og foreldra töldu að hreyfingu væri mikið sinnt en tveir þriðju að henni væri frekar mikið sinnt. Skipulagðar leikfímistundir eru að minnsta kosti einu sinni í viku og öll börn fara út í klukkustund dag hvern. Gönguferðir og ferðalög eru einnig fastir liðir á dagskrá skólans og því telst þessum námshætti vel sinnt.

### 6.3 Málrækt

Svipuð niðurstaða kom fram hvað varðar málrækt. Þriðjungur starfsmanna og foreldra töldu að málrækt væri mikið sinnt en tveir þriðju að henni væri frekar mikið sinnt. Sérstök áhersla er lögð á málörvun, meðal annars vegna fjölda tvítýngdra barna á Lækjaborg. Henni er sinnt í flestum þáttum starfsins, til dæmis í samverustundum. Hlutverk veðurfræðings og borðþjóns fela líka í sér beina málörvun.

#### 6.4 Myndsköpun

Fáir starfsmenn telja myndsköpun mikið sinnt og flestir telja henni frekar mikið sinnt en flestir foreldra eru ánægðir með þann þátt. Í leikskólanum er sérstakur listaskáli sem deildirnar skiptast á að nota, en þá daga sem matið fór fram var hann ekkert notaður. Þess ber þó að geta að á sama tíma var töluverð undirmönnun á leikskólanum og hafði það sín áhrif. Hins vegar mátti sjá börn vinna að myndsköpun á öllum deildum, alla dagana svo vel má við una.

#### 6.5 Tónlist

Þegar spurt er um hve vel tónlist sé sinnt á leikskólanum, skiptast svör foreldra jafnt á á mikið, frekar mikið og lítið en flestir starfsmanna telja henni frekar mikið sinnt þó nokkrir merki við frekar lítið. Dag hvern er sameiginleg söngstund allra deilda og þar eru sungin lög við hæfi allra aldurshópa með gítarundirleik. Að öðru leyti á söngur sinn fasta sess í samverustundum og mikið er hlustað á leikrit og tónlist, t.d. í hvíldartímum.

#### 6.6 Náttúra og umhverfi

Þegar spurt er um náttúru/umhverfi eru starfsmenn og foreldrar sammála um að því sé frekar mikið sinnt. Vettvangsferðir í tengslum við náttúru og umhverfi eiga sinn fasta sess á ársáætlun leikskólans enda býður umhverfi hans upp á marga möguleika í því sambandi.

#### 6.7 Menning og samfélag

Starfsmenn og foreldrar eru sammála um að menning og samfélag hafi frekar mikið vægi í starfi leikskólans. Börn í skólahóp heimsækja fyrirtæki í nágrenninu og svo má minna á landavíkurnar og fjölbjóðlegt umhverfi leikskólans.

### 7. Samskipti innan skólans, samstarf og starfsandi

#### 7.1 Starfsmannahandbók

„ . . Til er grunnur að starfsmannahandbók en hún er orðin úrelt að mörgu leyti. Var mikil vinna og mjög gagnleg. (...) Hver liður var krufinn niður og skilgreindur í tætlur. Reglur í húsinu samræmdar, þar sem leikskólinn var að breytast í heilsdagsleikskóla. (...) Þetta er grunnurinn að því sem verið er að vinna núna. Í þetta fór mikil orka og þetta hreinsaði mikið. Fólk gat ekki lengur unnið eftir eigin geðþótta. Til dæmis eru þrjár setningar á blaði um að heilsa og kveðja barn í fataklefa en miklar og tímafrekar umræður lágu þarna að baki. (...) Allir starfsmenn rúlla öll störf, allir leikskólakennarar hér sópa gólf. . . Við ársáætlanagerð er það leikskólastjóri sem byrjar og leggur drögin fyrir, fær athugasemdir og svo klára allir hana saman. Faghliðin er unnin sameiginlega. (...) Deildir eru dálítið sjálfstæðar. Á skipulagsdögum leggja allir saman grind að þemanu, allir hafa jafnan tillögurétt. Síðan er nánari útfærsla á deildum. . “ (Viðtal við skólastjórnendur)

Sama niðurstaða fékkst í könnun sem lögð var fyrir alla starfsmenn. Þeir eru almennt sammála um að samstarf sé mikið og eru ánægðir með stjórnun skólans og samskipti bæði innan deilda og á milli deilda. Þeir sögðu starfsanda mjög góðan og annað var ekki að finna við dvöl á vettvangi.

Þrátt fyrir mikil mannaskipti virðist ríkja einhugur um starfsaðferðir og jafnt starfsmönnum sem börnum líða vel í skólanum. Gestum er vel tekið og starfsmenn eru áhugasamir að útskýra hvað er gert og hvers vegna.

Samskiptin milli barnanna einkennast af vinsemd og hjálpssemi. Starfsmenn koma langofast fram við börnin af virðingu og hvetja þau til að hjálpa hvert öðru og leysa ágreiningsefni sín í friðsemd. Áhersla er lögð á að kenna börnunum að virða þann sem talar og leyfa honum að ljúka máli sínu. Börnin kunna þetta hjálparlaust á eldri deildunum og minna hvert annað á ef með þarf.

## **8. Samskipti og samstarf við umhverfi skólans, þ.m.t. foreldra**

### **8.1 Samskipti við umhverfi skólans**

Í næsta nágrenni leikskólans er fjölbreytt umhverfi bæði hvað varðar náttúru og menningu. Af leikskólanum er mikið farið í styttri og lengri ferðir, ekki síst í Laugardalinn. Róluvellir í nágrenni eru heimsóttir og náttúran umhverfis skólann notuð á ýmsan máta til lærdóms og leikja. Eitthvað er um ferðir á söfn bæði um styttri og lengri vegalengdir enda strætisvagnleiðir góðar. Samstarf er við hverfiskirkjuna og hefð fyrir því að fara í kirkju tvisvar á ári.

Um 80% barna í leikskólanum fara í hverfissskólann og kennarar af báðum stigum hittast til að skipuleggja samstarf, hver fyrsti bekkur í skólanum tengist einum af hverfisleikskólunum og gagnkvæmar heimsóknir eru liður í samstarfinu.

Leikskólinn er í nálægð við Kennaraháskólann og fær þó nokkuð af nemum í heimsókn með minni verkefni þó samstarfið sé ekki formlegt, einnig er bókasafn skólans heimsótt og bækur fengnar að láni þar eins og á almenningsbókasafni eða bókabíl.

### **8.2 Samskipti við foreldra**

Þegar barn hefur fengið vistun í skólanum er foreldrum boðið í kynningarviðtal við leikskólastjóra og þann starfsmann sem tekur barnið í aðlögun. Foreldri fær afhenta foreldrahandbók og möppu frá Leikskólum Reykjavíkur með kynningarbæklingi á viðeigandi tungumáli.

Foreldraviðtöl eru síðan einu sinni á ári og oftast ef þörf er talin á því. Ýtarlegt fréttabréf kemur út einu sinni til tvisvar á ári og kynningarfundur er haldinn að hausti áður en vetrarstarf hefst. Ópið hús er að vori og börnin bjóða foreldrum sínum í aðventukaffi. Foreldrafélag er virkt og einn fulltrúi starfsmanna situr stjórnarfundum þess.

Í könnun til starfsmanna kom fram að þeir eru allir ánægðir með samskipti sín við foreldrana og foreldrar eru sömuleiðis ánægðir með viðmót starfsmanna.

## **9. Viðhorf foreldra til skólastarfsins**

Spurningarlisti var lagður fyrir foreldra þann 9.1'01. Foreldrar svöruðu listunum á staðnum og skil voru því nokkuð góð, svö fengus frá 47 foreldrum af 63 sem er 75% svörun. Foreldrum var að sjálfsögðu frjálst að sleppa úr spurningum og gerðu það í nokkrum tilfellum en það var mest áberandi á yngstu deildinni enda mörg barnanna nýlega byrjuð.

Fram kom að foreldrar kváðust gera sér grein fyrir því að þeir vissu kannski ekki nóg um starfið þegar þeir lásu spurningarnar. Einnig áttu einhverjir foreldrar erfitt með að svara listanum vegna tungumálaerfiðleika og verður að viðurkennast að matsmenn hefðu viljað mæta þessum hópi betur en svigrúm leyfði það ekki. Í framtíðinni verður að gera ráð fyrir að erlendir foreldrar leikskólabarna fái tækifæri til að segja hug sinn.

En ánægja foreldra með leikskólann var almenn og afgerandi. Þeir voru ánægðir með dagskipulag, starfsaðferðir og námsþætti skólans og fannst þörfum barna sinna vel sinnt.

## 10. Umbótastarf/þróunarverkefni – framtíðarsýn

Skólastjórnendur segja á stefnuskrá að auka skráningar í starfinu, bæði til að skoða daglegt starf en einnig til að meta samskipti, með það að markmiði að nýta í starfsmannaviðtölum og endurmati á starfinu. Draumurinn er að eignast þrífót og fjarstýringu á myndbandsupptökuvélina til að auðvelda þetta og stafræn myndavél er á óskalista. Þeir töldu nauðsynlegt að leikskólinn eignaðist að minnsta kosti tvær tölvur inn á deildir og eru að opna vefsíðu á næstunni.

Á fundi með starfsmönnum kom fram að þeim finnst einnig vanta tölvur fyrir börnin. Mikill áhugi er á að vinna áfram að umhverfisvænni stefnu og gera það markvisst. Þeir vilja auka hlut tónlistar í námsskrá skólans og telja nauðsynlegt að bæta hljóðfærakostinn til muna. Vísindatilraunir þykja áhugaverðar þó til þess vanti flest, svo sem smásjá/víðsjá. Heimspeki var einnig nefnd sem hugsanlegt framtíðarverkefni.

Flestum þykir of lítið gras á leikvellingum en telja um leið grasivaxna lóð við hlið skólans bjarga miklu. Einnig vilja starfsmenn gjarnan fá körfuboltakörfu og mörk til að efla hreyfileiki.

## Samantekt

### Húsnæði og lóð

- Hönnun húsnæðisins veldur truflun á vinnufriði
- Aðgengi að skrifstofu skólastjóra þarf að laga
- Geymslurými vantar
- Hitamunur er nokkur í húsinu og gólfkuldi á leiksvæðum við útidyr
- Starfsmannaaðstaða er þröng, kaffistofa lítil og búningsaðstaða erfíð
- Þurrkaðstöðu vantar á tvær deildir af þremur
- Rólur þyrftu að vera fleiri
- Fylla þarf upp í holu neðan við rennibraut

Starfsmenn nýta húsnæðið vel og af skynsemi og gera gott úr því sem þeir hafa. Viðhald húsnæðisins og leiktækja er gott og umgengni sömuleiðis. Aðkoma að leikskólanum er góð og hiti í stéttum að inngöngum tveggja deilda þó aðkoma að eldstu deildinni sé lökust. Á útileiksvæði er lítill gróður og gras en mikið malbik en gott skjól og lítill hljóðmengun.

### Öryggismál

- Vinna þarf eldvarnaráætlun
- Neyðarlýsingu vantar
- Færa þarf neyðarútgang úr listaskála

### Efniviður og húsbúnaður

- Tölvur vantar fyrir börnin

Efniviður annars fjölbreyttur og góður og í samræmi við markmið skólans. Hann er aðgengilegur fyrir börnin og gjarnan í gagnsæum kössum. Hillum og húsgögnum er vel fyrir komið og skipta leikstofum þægilega upp í leiksvæði.

### **Stjórnun og starfsfólk/samskipti barna og fullorðinna**

Stjórnun skólans einkennist af samvinnu, jákvæðni og góðu samstarfi. Þegar hugsað er um hve mikil mannaskiptin hafa verið síðustu árin er augljóst að stjórnun skólans er sterk og heilsteypt. Vinnuaðferðir eru vel samræmdar og samstarf milli deilda gott. Það er líklega mikill kostur að starfsfólk er almennt í fullu starfi.

Börnin voru örugg og jákvæð í samskiptum sínum innbyrðis og út á við. Þau vissu alltaf að hverju þau gengu á hverjum tíma dags. Viðmót barna og starfsmanna var jákvætt og einkenndist af virðingu og hlýju. Mjög lítið var um óeiningu í barnahópnum og þau virtust lagin að leysa sjálf úr minniháttar deilumálum.

### **Námsþættir í skólastarfi/Aðalnámskrá**

- Huga þarf betur að móttöku barna í samræmi við skólanámskrá
- Athuga þarf mannahald fyrsta hálf tíma dagsins
- Ljúka þarf vinnu við skólanámskrá og starfsmannahandbók

Almennt má segja að leikskólinn sinni vel því sem hann segist vera að gera og öllum þáttum Aðalnámskrár er sinnt á fullnægjandi hátt.

### **Samstarf við umhverfi skólans og foreldra.**

Almenn ánægja er meðal stjórnenda og starfsmanna með þjónustu Leikskóla Reykjavíkur. Vaxandi samstarf er við Laugarnesskóla sem er grunnskólinn í hverfinu, og góð tengsl við Laugarneskirkju. Leikskólinn nýtir fjölbreytt umhverfi skólans vel til gönguferða, náttúruskoðunar og heimsóknna.

Upplýsingaflæði er gott innan skólans og til foreldra. Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans og eru ánægðir með alla þætti starfssemi hans. Flestir telja sig fá góðar upplýsingar um barnið sitt og starfsemi skólans.

### **Framtíðarsýn**

Skólinn hefur sinnt innra mati og þróað starfið vel undanfarin ár. Starfsmenn vinna áfram að hugmyndafræðilegum grunni undir starfið. Aldursskipting eldri deildanna var sett á haustið 1999 og starfsmenn eru almennt ánægðir með þessa breytingu. Starfsmenn horfa fram á veginn og vilja bæta starfið eins og hægt er. Tölvur og annar búnaður er á óskalista þeirra.

Lækjaborg er leikskóli sem hefur þrátt fyrir þá ytri annmarka sem hönnun húsnæðis, tíð mannaskipti og undirmönnun hefur í för með sér, náð að skapa heildsteyptan starfsmannahóp sem vinnur að markmiðum skólans af einhug.

## Framkvæmdaáætlun vegna úttektar á leikskólanum Lækjaborg í Reykjavík

Byggt á verkefnisforsendum sem menntamálaráðuneytið hefur látið í té.  
Hér er gerð tillaga um nálgun viðfangsefnisins af hálfu matsaðila:

**Þeir þættir sem úttektin beinist sérstaklega að samkvæmt fyrirbyggjandi viðmiðum frá menntamálaráðuneytinu eru eftirfarandi:**

- ◆ Aðstaða í leikskólanum, húsnæði, útileiksvæði, leikföng, starfsfólk.
- ◆ Stjórnun skólans, rekstur hans og sérstaða.
- ◆ Starfsfólk.
- ◆ Börnin í skólanum.
- ◆ Námsþættir í skólastarfinu, innihald þeirra og vægi.
- ◆ Uppeldisáætlun/Aðalnámskrá í innra starfi skólans.
- ◆ Samskipti innan skólans, samstarf og starfsandi.
- ◆ Samskipti og samstarf við umhverfi skólans, þ.m.t. foreldra.
- ◆ Viðhorf foreldra til skólastarfsins.
- ◆ Umbótastarf/Þróunarverkefni -fram tíðarsýn.

### Aðferðafræði

1. **Greining fyrirbyggjandi gagna:** Rýnt í gögn og skriflegar lýsingar skólans á því sem til er um starfið, markmið, áætlanir og mat, auk þess að kynna sér námsþætti í innra starfi skólans; innihald þeirra og vægi - gera samanburð við Uppeldisáætlun/Aðalnámskrá og lög og reglugerðir.
2. **Fundir, viðtöl:** Áherslur kannaðar og forystuhlutverk skólastjórnenda varðandi umbótastarf, þróunarverkefni og framtíðarsýn auk þess að kynnast stjórnun leikskólans, rekstri hans og sérstöðu. Afлаð upplýsinga um samskipti og samstarf við umhverfi skólans og foreldrasamstarf.
3. **Kannanir:** Allir starfsmenn og foreldrar verða beðnir að svara spurningakönnun í sambandi við viðhorf til skólans, samskipti, samstarf og starfsanda, rekstur og stjórnun skólans, forystuhlutverk skólastjórnenda, framtíðarsýn o.fl. Spurningakönnunin verður samin með hliðsjón af ýmsum spurningalistum sem lagðir hafa verið fyrir í fyrra mati ráðuneytisins en auk þess mun könnunin þróast út frá lestri og greiningu gagna frá leikskólanum síðustu ár.
4. **Uppeldisfræðileg skráning / heimsóknir:** Áætluð er ein heimsókn, auk símafundar og netsamskipta til gagnaöflunar og kynningar á matinu, til að leggja fyrir kannanir, taka viðtöl og fylgjast með starfinu á deildunum. Leitast verður við að finna staðblæ leikskólans og að kynnast börnunum með því að dvelja á vettvangi í tvo daga og verður uppeldisfræðileg skráning notuð í því skyni.



## Gögn – gagnaöflun

### A: Upplýsingar verða sóttar til eftirfarandi aðila:

- ◆ Skólastjórnendenda (viðtöl - skýrslur/gögn)
- ◆ Starfsfólks leikskólans (könnun - viðtöl - uppeldisfræðileg skáning)
- ◆ Nemenda leikskólans (heimsókn - viðtöl - uppeldisfræðileg skráning)
- ◆ Foreldra (könnun)

Gert er ráð fyrir því að leikskólastjóri láti í té yfirlit um tölfræðilega þætti sem snerta skólahaldið, nemendafjölda, skiptingu í deildir, samsetningu starfsmannahópsins, menntun og starfsaldur og jafnframt yfirlit um aðstöðu, húsnæði (teikningu) og nýtingu þess.

### B: Kallað verður eftir gögnum skólans varðandi:

- ◆ Stefnumótun skólans og innra skipulag
- ◆ Skólanámskrá
- ◆ Markmiðssetningu - mat
- ◆ Vinnuáætlanir - vinnuleiðbeiningar
- ◆ Foreldrasamstarf
- ◆ Kennslu nemenda með sérþarfir
- ◆ Fundargerðir (starfsmannafundir, deildafundir, foreldrafundir) - sl. tvö ár
- ◆ Fréttabréf - sl. fimm ár
- ◆ Ársskýrslu - sl. fimm ár
- ◆ Handbækur (starfsmannahandbók, foreldrahandbók)

### Skipulag og tímasetningar:

Viðfangsefni	Tilhögun	Tími
Undirbúningur	Drög að framkvæmdaáætlun / verkefnislýsingu, áætlun um skipulag vinnu á vettvangi og við gagnaöflun	Nóvember
Símafundur og netsamskipti	Gagnaöflun á vettvangi, kynning á fyrirkomulagi og aðferðafræði við matið	Desember
Úrvinnsla gagna I	Úrvinnsla frumgagna, kannanir fullmótaðar	Desember
Heimsókn	Viðtöl við skólastjórnendur, kannanir lagðar fyrir starfsmenn og foreldra, leitast við að leggja mat á staðblæ (menningu) leikskólans, með uppeldisfræðilegri skráningaraðferð	Janúar
Úrvinnsla gagna II	Lokaúrvinnsla gagna (af vettvangi; kannanir, viðtöl), undirbúningur að skýrslugerð, ályktanir og niðurstöður mótaðar	Janúar
Skýrsla rituð	Ritun skýrslu og frágangur	Febrúar
Skil á skýrslu	Skýrslu skilað til menntamálaráðuneytis	Mars 2001

## Kynning á mati fyrir foreldra, starfsmenn og börn

Til foreldra, barna og starfsmanna á leikskólanum Lækjaborg

Á hverju ári er gerð úttekt á tveimur leikskólum á vegum Menntamálaráðuneytisins. Skólarnir eru valdir af handahófi og nú er röðin komin að Lækjaborg.

8.-10. janúar munum við undirritaðar vera á leikskólanum við athuganir á starfssemi hans og búnaði. Við áætlum að: Taka viðtöl, leggja fyrir spurningalista og kannanir, gera skráningar og taka myndir.

Mánudagur 8.

- Viðtal við skólastjórnendur
- Könnun lögð fyrir starfsmenn á starfsmannafundi

Þriðjudagur 9.

- Spurningalistar lagðir fyrir foreldra
- Þátttaka í skólastarfi og viðræður við einstök börn og barnahópa.
- (Ef foreldrar vilja síður að rætt sé við þeirra barn er best að láta leikskólastjóra vita fyrir helgina.)

Miðvikudagur 10.

- Skoðun á húsbúnaði og leikefni

Úttektin á að geta orðið starfi skólans til framdráttar þótt hún skapi aukaálag þessa daga. Við vonumst eftir góðu samstarfi við ykkur öll.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Stella Sverrisdóttir,  
leikskólakennarar og nemar í Mastersnámi við Háskólann á Akureyri.

## Viðtal við stjórnendur Lækjaborgar -minnispunktur

### Rekstur - Starfsmannastjórnun - Fagstjórnun

#### Rekstur:

- Ytri rammar - Yfirstjórn leikskólamála í Rvík, þjónusta við leikskólann
- Samstarf við aðra leikskóla, grunnskóla, aðrar stofnanir eða skóla
- Fjárhagsáætlun - Hús, lóð og búnaður - viðhald og innkaup (nýr búnaður)
- Fjöldi og nýting vistunarrýma, deilda- og aldursskipting barna
- Saga leikskólans

#### Starfsmannastjórnun:

- Stöðugildi, starfsmannafjöldi, stöðuhlutfall þeirra og menntun
- Ábyrgð og hlutverk millistjórnenda (aðstoðarleikskólastjóri og aðrir deildarstjórar)
- Starfsmannaviðtöl, fagleg leiðbeining (handleiðsla?)  
Endurmenntun/fræðsla starfsmanna
- Móttaka nýrra starfsmanna, starfsmannahandbók? Vinnuaðstæður starfsmanna, undirbúningur ófaglærðra

#### Fagstjórnun:

- Skólanámskrá, vinnuferlið?
- Gerð ársáætlana og styttri/sértækari áætlana (mánaðaráætlun, þemaáætlun og þess háttar.)
- Markmið og leiðir skólans. Hverjar eru áherslur skólans í stuttu máli og hvers vegna?
- Hver er sýnin fyrir nánustu framtíð?
- Dagskipulag/stundaskrá. Hvernig er námssviðum leikskólans sinnt (samkvæmt aðalnámskrá)
- Fundir, hvaða og hvað oft? Hver skipuleggur og ber ábyrgð á þeim?
- Foreldrasamstarf - kynning á leikskólanum, aðlögun barna, foreldraviðtöl, gagnkvæm upplýsingamiðlun, dagleg samskipti, fundir, foreldrafélag, annað samstarf?

*Kæri starfsmaður á leikskólanum Lækjaborg. Eins og þér er kunnugt er nú yfirstandandi úttekt á starfsemi leikskólans. Við leitum til þín með þerman spurningalista og biðjum þig að svara honum hér á staðnum. Að sjálfsgöðu er ekki skylda að taka þátt og þér er heimilt að sleppa einstökum spurningum.*

1. Í Aðalnámsskrá leikskóla 1999 eru tilgreind sex námssvið leikskóla, hvemig finnst þér Lækjaborg sinna þeim?:

a) Hreyfing	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
b) Málrækt	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
c) Myndsköpun	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
d) Tónlist	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
e) Náttúra og umhverfi	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
f) Menning og samfélag	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið

2. Hve mikil áhrif geta börnin haft á starf leikskólans?

mikil  frekar mikil  frekar lítil  lítil

Hvemig?

3. Hve vel er einstaklingsbundnum þörfum hvers barns mætt?

mikið  frekar mikið  frekar lítið  lítið

4. a) Hve ánægð(ur) ert þú með dagskipulagið?

ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð

b) Hvað finnst þér gott í dagskipulaginu?

c) Hverju finnst þér að þurfi að breyta?

5. Hve ánægð(ur) ert þú með:

a) leikskólan sem vinnustað?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
b) lóð leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
c) húsnæði leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
d) búnað leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
e) starfsaðferðir leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
f) viðmót starfsmanna?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
g) foreldraviðtölin?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
h) foreldrasamvinnuna?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð

6. Hve greinagóðar upplýsingar telur þú foreldra fá um:

a) líðan barns síns á leikskólanum?	<input type="checkbox"/> miklar	<input type="checkbox"/> frekar miklar	<input type="checkbox"/> frekar litlar	<input type="checkbox"/> litlar
b) þroskaframvindu barns síns?	<input type="checkbox"/> miklar	<input type="checkbox"/> frekar miklar	<input type="checkbox"/> frekar litlar	<input type="checkbox"/> litlar
c) starfsemina á leikskólanum?	<input type="checkbox"/> miklar	<input type="checkbox"/> frekar miklar	<input type="checkbox"/> frekar litlar	<input type="checkbox"/> litlar

7. Hversu ánægð(ur) ert þú með:

a) leikfimi?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
b) val/flæði?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
c) hópastarf?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
d) útiveru?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
e) samverustundir	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
f) matartíma?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð

8. a) Hve mikinn þátt finnst þér starfsmenn taka í leik barna inni?  
 mikinn  frekar mikinn  frekar lítil  lítil
- b) Hve mikinn þátt finnst þér starfsmenn taka í leik barna úti?  
 mikinn  frekar mikinn  frekar lítil  lítil
9. a) Hve mikil áhersla er lögð á samvinnu barnanna?  
 mikil  frekar mikil  frekar lítil  lítil
- b) Hvernig?
- 
10. Hve ánægð(ur) ert þú með samskipti:
- a) á milli deilda?  ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
- b) á deildinni sem þú vinnur á?  ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
- c) stjórnenda leikskólans og annarra starfsmanna?  
 ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
- d) starfsmanna við bömin?  ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
- e) barnanna hvert við annað?  ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
- f) starfsmanna við foreldra?  ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
- g) leikskólans við Leikskóla Reykjavíkur?  
 ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
11. a) Hvernig finnst þér staðið að móttöku nýrra starfsmanna?  
 vel  frekar vel  frekar illa  illa
- b) Hvernig finnst þér staðið að handleiðslu starfsmanna?  
 vel  frekar vel  frekar illa  illa
- c) Hve mikinn faglegan stuðning telur þú þig fá?  
 mikinn  frekar mikinn  frekar lítil  lítil
- d) Hvernig finnst þér vinna með námskrá ganga?  
 vel  frekar vel  frekar illa  illa
12. Hvernig er starfið í leikskólanum skipulagt?
- Leikskólastjórinn:  skipuleggur alfarið einn?  í samvinnu við deildarstjórana?  
 í samvinnu við leikskólakennarana?  í samvinnu við allt starfsfólk?
- Deildarstjóri:  skipuleggur alfarið einn?  leitar stundum ráða?  
 í samvinnu við sumt samstarfsfólk?  í samvinnu við allt starfsfólk?
13. Hvernig skilar skipulagningin sér út í starfið?  
 vel  frekar vel  frekar illa  illa
14. Hversu ánægð(ur) ert þú með
- a) hvernig staðið er að ákvörðunum um starfið í leikskólanum?  
 ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
- b) vinnuástöðu þína?  ánægð  frekar ánægð  frekar óánægð  óánægð
15. a) Finnst þér Lækjaborg hafa sérstöðu miðað við aðra leikskóla?  
 mikla  frekar mikla  frekar litla  litla
- b) Hver er hún?
- 

Hafið þökk fyrir þátttöku

*Kæra foreldri á leikskólanum Lækjaborg. Eins og þér er kunnugt er nú yfirstandandi úttekt á starfsemi leikskólans. Við leitum til þín með þennan spurningalista og biðjum þig að svara honum hér á staðnum. Að sjálfsögðu er ekki skylda að taka þátt og þér er heimilt að sleppa einstökum spurningum.*

1. Í Aðalnámskrá leikskóla 1999 eru tilgreind sex námssvið leikskóla, hvemig finnst þér Lækjaborg sinna þeim?:

a) Hreyfing	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
b) Málrækt	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
c) Myndsköpun	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
d) Tónlist	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
e) Náttúra og umhverfi	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
f) Menning og samfélag	<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið

2. Hve mikil áhrif geta foreldrar haft á starf leikskólans?

<input type="checkbox"/> mikil	<input type="checkbox"/> frekar mikil	<input type="checkbox"/> frekar lítil	<input type="checkbox"/> lítil
--------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--------------------------------

3. Hve mikið er einstaklingsbundnum þörfum barnsins þíns mætt?

<input type="checkbox"/> mikið	<input type="checkbox"/> frekar mikið	<input type="checkbox"/> frekar lítið	<input type="checkbox"/> lítið
--------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--------------------------------

4. a) Hve ánægð(ur) ert þú með dagskipulagið?

<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
--------------------------------	---------------------------------------	--	---------------------------------

b) Hvað finnst þér gott í dagskipulaginu?

.....

c) Hverju finnst þér að þurfi að breyta?

.....

5. Hve ánægð(ur) ert þú með:

a) leikskólann?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
b) lóð leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
c) húsnæði leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
d) búnað leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
e) starfsaðferðir leikskólans?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
f) viðmót starfsmannanna?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
g) foreldraviðtölin?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
h) foreldrasamvinnuna?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð

6. Hve miklar upplýsingar telur þú þig fá um:

a) líðan barnsins á leikskólanum?	<input type="checkbox"/> miklar	<input type="checkbox"/> frekar miklar	<input type="checkbox"/> frekar litlar	<input type="checkbox"/> litlar
b) þroskaframvindu barnsins?	<input type="checkbox"/> miklar	<input type="checkbox"/> frekar miklar	<input type="checkbox"/> frekar litlar	<input type="checkbox"/> litlar
c) starfsemina á leikskólanum?	<input type="checkbox"/> miklar	<input type="checkbox"/> frekar miklar	<input type="checkbox"/> frekar litlar	<input type="checkbox"/> litlar

7. Hversu ánægð(ur) ert þú með:

a) leikfimi?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
b) val/flæði?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
c) hópastarf?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
d) útiveru?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
e) samvenustundir	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð
f) matartíma?	<input type="checkbox"/> ánægð	<input type="checkbox"/> frekar ánægð	<input type="checkbox"/> frekar óánægð	<input type="checkbox"/> óánægð

*Haft þökk fyrir þátttöku*